



Greinargerð starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

30. NÓVEMBER 2016

Greinargerð starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Bæjarráð samþykkti að skipa starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi á fundi sínum þann 10. mars 2016 og erindisbréf fyrir hópinn. Velferðar- og mannréttindaráði lagði til þann 6. apríl 2016 á fundi sínum að eftirtaldir aðilar skipuðu starfshópinn:

- Einar Brandsson formaður
- Gunnhildur Björnsdóttir
- Ingibjörg Pálmadóttir
- Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir

Bæjarráð samþykkti tilnefningu ráðsins á fundi sínum 14. apríl 2016 og setti honum erindisbréf.

Markmið og forsendur:

Markmið með stofnun starfshóps er að undirbúa byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Hlutverk og helstu verkefni:

Meginverkefni starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk verða eftirfarandi:

- Að meta þörf á byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.
- Að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna.
- Að vinna verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.
- Að gera rekstraráætlun fyrir búsetukjarna.
- Að leita samráðs og samstarfs við hagsmunaaðila.

Verklag

Starfshópurinn hefur haldið þrjá fundi. Auk þess stóð starfshópurinn fyrir kynningarfundum með Ás styrktarfélagi þar sem bæjarráði, bæjarstjórn, bæjarstjóra og sviðsstjórum var boðið til fundar.

Fulltrúar sem skipa starfshópinn höfðu fyrir stofnun starfshópsins farið í kynningarferð, ásamt starfsmönnum á velferðar- og mannréttindasviði, til Þroskahjálpar og Ás styrktarfélags. Í kynningsferðinni fengu fulltrúar í starfshópnum kynningu á ofangreindum félögum sem snúa að byggingu og rekstur búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Fundargerðir starfshópsins voru kynntar í velferðar- og mannréttindaráði þann 30. nóvember 2016.

Áliti um fjármögnun byggingar og rekstrarform

Starfshópurinn kynnti fyrir bæjarráði, bæjarstjórn, bæjarstjóra og sviðsstjórum, þann 18. ágúst sl. í samráði við Ás styrktarfélag, möguleika á fjármögnun byggingar og rekstrarformi.

Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn óskar eftir því að starfa áfram samkvæmt erindisbréfi m.a. vegna þeirrar óvissu sem er um framkvæmd nýrra laga nr. 52/2016.

Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins voru:

- **Að meta þörf á byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.**

Minnisblað sviðsstjóra um þörf fyrir byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða var lagt fyrir starfshópin sem trúnaðarmál á 2. fundi hans þann 8. júní 2016.

- **Að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna.**

Fyrsti valkostur starfshópsins með að kanna möguleika varðandi fjármögnun og rekstrarform búsetukjarna var að kanna möguleika á samstarfi við Ás styrktarfélag um byggingu og rekstur búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Það liggur fyrir svar frá stjórn Ás styrktarfélags þar sem félagið sér ekki fært um að fara í slíkt samstarf að sinni.

Starfi starfshópurinn áfram mun hann:

- kanna vilja Ás styrktarfélags til að taka aftur upp viðræðu um samstarf þegar ljóst verður um framkvæmd nýrra laga nr. 52/2016
- kanna vilja Þroskahjálpar til samstarfs um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Verði ekki af samstarfi við ofangreinda aðila verður Akraneskaupstaður að hefja undirbúning á byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Ljóst er að þörf er fyrir búsetuúrræði fyrir fatlaða á Akranesi nú þegar og mun aukast enn frekar innan fárra ára.

- **Að vinna verk- og kostnaðaráætlun fyrir byggingu búsetukjarna.**

Ás styrktarfélag sér um byggingu og rekstur búsetuúrræða fyrir fatlað fólk þar sem þeir koma að slíkum verkefnum í samvinnu við sveitarfélög. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins við rekstur í slíku samstarfi var metinn sambærilegur og kostnaður við rekstur íbúðarsambýlisins að Laugarbraut. Starfi starfshópurinn áfram mun hann leggja fram verk- og kostnaðaráætlun við þá leið sem verður fyrir valinu.

- **Að gera rekstraráætlun fyrir búsetukjarna.**

Vísað er í liðinn hér að ofan.

- **Að leita samráðs og samstarfs við hagsmunaaðila.**

Starfshópurinn hefur leitað formlega eftir samstarfi við Ás styrktarfélag eins og fram kemur hér að ofan og einnig óformlega eftir hug Þroskahjálpar til samstarfs. Starfshópurinn hefur ekki leitað til annarra hagsmunaaðila.

Ráðgjöf

Starfshópurinn hefur fengið Arnheiði Andrésdóttur ráðgjafaþroskaþjálfara á fund til sín.

Akranesi 30. nóvember 2016

Einar Brandsson formaður

Gunnhildur Björnsdóttir

Ingibjörg Pálmadóttir

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir